

## 4. gr.

Vopnaleytingargjald vegna farþega er ferðast með loftförum sem skráð eru erlendis og allra loftfara sem ekki er flogið á áætlunarleiðum, skal greiða sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli fyrir brottför loftfars um leið og afhent er skrá samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

## 5. gr.

Vopnaleytingargjald vegna farþega sem ferðast í áætlunarflugi á viðurkenndum áætlunarleiðum, skal greiða til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar eftir brottför. Sé vopnaleytingargjaldi ekki skilað á réttum gjalddaga ber það dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá gjalddaga til greiðsludags. Nú er skrifstofa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lokuð 15. dag mánaðar og telst þá gjalddagi vera næsti dagur þar á eftir sem skrifstofan er opin til almennrar afgreiðslu.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 78. gr. loftferðalaga nr. 34, 21. maí 1964 og tekur gildi 1. janúar 1993.

*Utánríkisráðuneytið, 23. desember 1992.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Róbert T. Arnason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaða og Fella, nr. 431, 13. september 1991:

Gjaldskráin hækkir um 4%.

Hver rúmmetri vatns hækkir úr kr. 74,00 í kr. 77,00.

Mælaleiga á mánuði hækkir:

fyrir 1/2 tommu mæli úr kr.	385,00	í kr.	400,00
-----------------------------	--------	-------	--------

fyrir 3/4 tommu mæli úr kr.	775,00	í kr.	810,00
-----------------------------	--------	-------	--------

fyrir 1/1 tommu mæli úr kr.	1 150,00	í kr.	1 200,00
-----------------------------	----------	-------	----------

Heimæðagjöld skv. 7. gr. gjaldskrár hækkir samsvarandi og verði fyrir hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 117 600,00.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. desember 1992.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnson.**

*Steinunn Bjarman.*